

Yoo.46

LJÓSVAKAHANDRIT

Mjöluun ehf. - Fjölmilðlavaktin

Frétt: EKKI klofningur innan Kvennalistans
Mjöll: Sjónvarpið 20:00
Fréttamaður: Hrannar Pétursson

Dags: 30.08.1997
Lengd: 1:46
Handrit: JM

Kvennalistinn mun ekki ganga til samstarfsvlöræðna við A-flokkanna a næstunni. Á samráðsfundi í dag var hins vegar ékveðló að konur innan samtakanna gætu myndað einstaka hópa með sameiginlegt framboð í huga. Í næstu kosningum gæti því farið svo að sumar konur innan Kvennalistans tækju þátt í sameiginlegu framboði vinstrí flokkanna en aðrar ekki.

Fyrir fundinn í dag var jafnvel búist við að Kvennalistinn myndi segja af eða á um það hvort hann gengi till vlöræðna við A-flokkanna um samstarf í næstu kosningum. Sú varð ekki raunin.

Kristín Halldórsdóttir, þingkona (V): Það er ekki tilefni til þess að Kvennalistinn sem hreyfing fari í ékveðnar viðræður en hópar innan Kvennalistans geta gert ýmsa hluti og það verður allt saman skodad með opnum huga.

Kristín neitar því að klofningur sé innan Kvennalistans. Hún segir niðurstöðu fundarins í dag vera málamlögun, lelö sem allir geti sett sig við.

Kristín Halldórsdóttir: Við höfum ekki viljað fara út í ékveðnar, eða röynum eins og við getum að forðast ekvæðagreldslu til þess að engar ekynji sig nú ofurlíði borner og við erum ágætlega sáttar við þessa niðurstöðu.

Landsfundur Kvennalistans tekur endanlegar ákvárdanir en ljóst er að konur innan samtakanna geta farið eigin lelöir.

Kristín Halldórsdóttir: Við setjumst ekki ofan á konur sem að vilja leita fyrir sér og leða til þess að tryggja kvennabaráttunni framgang.

700.76

LJÓSVAKAHANDRIT

Mjölnun ehf. - Fjölmjölavaktin

Frétt: Kvennalistinn
 Miðill: Ríkisútværplö 19:00
 Fréttamaður: Þulur

Daga: 31.08.1997
 Lengd: 2:20
 Handrit: G.M.

Mikill vilji er innan Kvennalistans að leita samstarfs við vinstrí flokka í landsmálum segir Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona. Hún er ósammála Kristínu Ástgeirs dóttur, þingkonu, um að Kvennalistinn geti ekki teklo þátt í samstarfi með vinstrí flokkunum. Samkvæmt þeirri samþykkt sem byggt var að loknum samráðsfundi Kvennalistans í gær þá eru samtöklin ekki tilbúin að ákvæða formlega þátttöku í elgin nafni í viðræðum vinstri manna en því er lýst að ólikir hópar geti teklo þátt í viðræðum um framboð. Guðný Guðbjörnsdóttir segir að lögð hafi verið áhersla á að fá niðurstöðu sem allir gætu sett sig við.

Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalistans: Það hefur verið mikill ágreiningur innan Kvennalistans um framtíðarstefnuna þ.e.a.s. hvadá leiðir við eignum að fara. Og núna var í raun og veru opnað á það frelsi að konur bara prófi sig áfram og þrói þær leiðir sem þær villja. Hannig að það er alveg ljóst að það er mikill vilji fyrir því að prófa þessa leið sem var aðalleiðin sem við ræddum þarna í gær. Og það var ákvæði að þær konur, það hefur þegar verið stofnaður hópur innan Kvennalistans sem hefur áhuga á að gera það og að þessi hópur hann getur farlð í svona samstarf þ.e.a.s. Í svona viðræður og látlö á það reyna hvort að það færst hljómgrunnur fyrir okkar hugmyndum og hvað við mundum villa leggja upp með. Og síðan er það samtakanna, landfundar, að taka ákvörðun um framboðslæðir þegar þær að kemur.

Guðný Guðbjörnsdóttir segir að áhersla hafi verið lög að það að fundinum í gær að komast að sameiginlegri niðurstöðu núna í stað þess að kljúfa samtöklin vegna einhvers sem hugsanlega verði ekkert af því óljóst sé um niðurstöður viðræðina A-flokkanna. Meðal þeirra sem harðast belta sér gegn þátttöku Kvennalistana í vinstrí viðræðum er Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona. Hún sagði í kvöldfréttum í gær að Kvennalistinn eins og hann hefur skilgreint sig gæti ekki farið í samstarf með vinstrí flokkunum. Guðný Guðbjörnsdóttir er því ósammála.

Guðný Guðbjörnsdóttir: Við vorum audvilað ósáttar við flokkakerflö þegar við byrjuðum og ég tel að við höfum haft töluvord áhrif í íslenskum stjórnsmálum og ég tel að Kvennalistinn geti verið mjög mikillvægt að í að skapa eitthvað nýtt.